



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 6. janúar 2026
USK25110126

TILLAGA UM NÝJA STRÆTÓSTÖÐ VIÐ VARMAHLÍÐ

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki, í tilraunaskyni:

- akstur leiðar 18 um Varmahlíð á leið til austurs, milli rampa og Kapellutorgs, í stað þess að aka Bústaðaveg á sama kafla.
- endurgerð gamallar strætóstöðvar fyrir leið 18 við Varmahlíð, milli duftkirkjugarðs og Perlunnar.

Greinargerð:

Töluverð ásókn er í að sækja afþreyingu í Perluna, en tenging hennar við strætókerfið er ekki eins og best verður á kosið. Í dag er besta tengingin frá strætóstöðinni á Bústaðavegi við Litluhlíð um hlykkjóttan grússtíg upp hæðina að neðra bílaplani við Perluna, þar sem við tekur hellulagður stígur að inngangi.

Strætó hefur í hyggju að breyta leið 18 í tilraunaskyni til að bæta umrædda tengingu, að leiðin taki hlykk þegar ekið er frá miðborginni inn rampinn frá Bústaðavegi að Varmahlíð að eldri biðpalli sem yrði nýtt sem strætóstöð. Þaðan verði ekið eftir Varmahlíð að Kapellutorgi, þar sem beygt verður inn á Suðurhlíð og síðan aftur inn á Bústaðaveg. Breytingin mun einungis eiga sér stað í átt frá Skúlagötu/miðborginni en ekki í mótlæga stefnu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Mynd af staðsetningu fyrirhugaðrar strætóstöðvar, merkt með rauðum punkti
Hjálagt: Afrit af tölvupósti frá Strætó bs. með ósk um fyrirhugaða biðstöð.



Bjarni Rúnar Ingvarsson

From: Ragnheiður Einarsdóttir <ragnheidure@straeto.is>
Sent: 5. januar 2026 13:23
To: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir; Bjarni Rúnar Ingvarsson
Cc: Skipulag; Jóhannes Svavar Rúnarsson
Subject: Breyting á leið 18 - Akstur nær Perlunni

Góðan daginn,

Fyrirhugað er að breyta akstursleið leiðar 18 í febrúar sem tilraunaverkefni til að bæta aðgengi farþega að Perlunni. Breytingin verður einungis í átt frá Skúlagötu og mun leiðin taka hlykk þannig að ekið verður inn rampinn frá Bústaðavegi að Varmahlíð, þaðan eftir Varmahlíð að Kapellutorgi, þar sem beygt verður inn á Suðurhlíð og aftur inn á Bústaðaveg.

Í tengslum við þessa breytingu er óskað eftir að nýrri stoppistöð verði bætt við leiðina í Varmahlíð til að þjóna Perlunni. Hugmynd að staðsetningu stoppistöðvarinnar má sjá á meðfylgjandi mynd.



Blá punktalína sýnir núverandi akstursleið leiðar 18 og rauð lína sýnir fyrirhugaða breytingu

Getur Reykjavíkurborg sett upp staur fyrir nýju stoppistöðina í tæka tíð áður en breytingin tekur gildi, sem stefnt er á að verði 22. febrúar?

Með bestu kveðju,



Ragnheiður Einarsdóttir | Deildarstjóri
Skipulags/Leiðakerfis
ragnheidure@straeto.is | s. 865 2152

Strætó bs | Hesthals 14 | 110 Rvk | +354 540 2700
Skilmálar/Disclaimer